

# Ríkissaksóknari

## Fyrirmæli

Útgáfudagur:

7. september 2009

Gildistaka:

7. september 2009

RS: 10/2009

Kemur í stað RS: 3/2004

**Efni:** Ákvörðun um að vísa frá kærðu, hætta rannsókn eða fella mál niður.

---

### I. Ákvörðun um að vísa frá kærðu:

#### 1. másl. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008:

*Lögregla vísar frá kærðu um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni.*

Rannsókn hefst ekki í máli.

Heimildin á við ef sýnt þykir að kærða á ekki við rök að styðjast, svo sem ef ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, sök er fyrnd o. fl. Ef tilkynnandi mætir á lögreglustöð skal að jafnaði taka skýrslu af honum og gefa máli málsnúmer. Þyki kærða fjarstæðukennd, s.s. vegna ástands kæranda, nægir upplýsingaskýrsla eða rafræn skrá í dagbók (LÖKE) um mætingu tilkynnanda á lögreglustöð og frásögn um meint afbrot. Berist kærða bréflaga skal skrá erindið með viðeigandi hætti.

Lögregla tekur ákvörðun um að vísa frá kærðu. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. lokamálslið 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Heimildin tekur jafnt til mála sem heyra undir ákærvald ríkissaksóknara og lögreglustjóra.

Tilkynna skal þeim sem hagsmuna hafa að gæta um ákvörðun og leiðbeina um kærheimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. 5. mgr. 52. gr. sml.

Lögreglu er ekki skylt að rökstyðja ákvörðun, sbr. 8. mgr. 52. gr. sml.

### II. Ákvörðun um að hætta rannsókn:

#### 2. másl. 4. mgr. 52. gr. sml.:

*Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kærða hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað.*

Skilyrði hér er að **rannsókn sé hafin**. Með því er m.a. átt við að kærða hafi verið nánar yfirfarin með hliðsjón af tiltækum gögnum, öðrum rannsóknarathöfnum og eftir atvikum skýrslutökum.

Hér má í fyrsta lagi hætta rannsókn teljist **ekki grundvöllur** fyrir áframhaldandi rannsókn. Ákvæðið er matskennt og ekki tæmandi. Í dæmaskyni er tilgreint að heimildin geti átt við, ef í ljós kemur að kærða reynist ekki á rökum reist. Um það atriði má vísa að hluta til I. liðar. Til viðbótar má nefna að ekki sé vitað hver sakborningur er, eða atvik máls þykja með þeim hætti að frekari rannsókn sé ekki talin líkleg til að bæta þar úr s.s. óskýrir eða misvísandi framburðir. Þá kann að vera að ekki þjóni tilgangi að taka skýrslur af fleiri vitnum, þótt til staðar séu, enda þyki sýnt af gögnum málsins sem þegar liggja fyrir að það sé ekki líklegt til sakfellis.

Í öðru lagi má hætta rannsókn ef brot er **smávægilegt og fyrirsjáanlegt** að rannsókn muni hafa í för með sér **óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað**. Hér verður að leggja til grundvallar að brot teljist smávægilegt með hliðsjón af broti og ætluðu umfangi rannsóknar. Þannig verður að meta heildstætt alla efnisþætti ákvæðisins.

Mat á því hvort brot teljist **smávægilegt** ræðst m.a. af fjárverðmæti þýfis, eignatjóni og/eða öðrum afleiðingum brots. Brot þar sem líkleg viðurlög væri fangelsi eða há fjársekt kæmi þannig ekki til álita hér. Sakaferill kemur einnig til skoðunar í þessu sambandi s.s. síbrotamenn.

Við mat á því hvað teljist **óeðlileg fyrirhöfn og kostnaður** þarf að skoða væntanlega framhaldsrannsókn, s.s. fjölda áætlaðra yfirheyrslna, umfang tæknirannsóknar, umfang gagnaöflunar og úrvinnslu gagna, ferðalög með tilliti til staðsetningu vitna eða annarra rannsóknarathafna, samskipti við útlönd eða hvort þörf sé á aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.

Lögregla tekur ákvörðun um að hætta rannsókn. Heimildin tekur jafnt til mála sem heyra undir ákærvald ríkissaksóknara og lögreglustjóra. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. lokamálslið 4. mgr. 52. gr. sml.

Skylt er að tilkynna um ákvörðun kæranda, sakborningi, brotþola og öðrum þeim sem hagsmuna hafa að gæta, og jafnframt leiðbeina þeim um kærheimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. 5. mgr. 52. gr. sml.

Ekki er skylt að rökstyðja ákvörðun, sbr. 8. mgr. 52. gr. sml.

### **III. Ákvörðun um að fella mál niður:**

#### **1. mgr. 57. gr. laga um meðferð sakamála:**

*Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin, nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr.*

#### **145. gr. laga um meðferð sakamála:**

*Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.*

Rannsókn hefur farið fram og telst lokið í skilningi ákvæðanna. Ákærandi tekur ákvörðun um að fella mál niður í samræmi við málshöfðunarheimild, mati á sönnun og eða lagaatriðum. Teljist rannsókn ekki lokið verður mál ekki fellt niður á grundvelli 145. gr. sml.

Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. 1. málslið 1. mgr. 147. gr. sml.

Skylt er að tilkynna um ákvörðun, sakborningi og brotþola, enda liggi fyrir hver hann er, sbr. 2. másl. 1. mgr. 147. gr. sml. Sé ákvörðun kæranleg skal leiðbeina um kærheimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. almennar reglur stjórnsýsluréttar.

Með gagnályktun frá lokamálslið 1. mgr. 147. gr. sml., ber ákæranda að rökstyðja ákvörðun um niðurfellingu samkvæmt 145. gr. sml.